



Mýrdalshreppur

Umsókn um heimagreiðslu

Umsækjandi hefur kynna sér reglur um heimagreiðslur Mýrdalshrepps

Nafn barns: _____ kt. barns: _____

Nafn barns: _____ kt. barns: _____

Nafn barns: _____ kt. barns: _____

Lögheimili barns/barna: _____

Foreldri/forráðamaður: _____ kt: _____

Banki _____ Höfuðbók _____ Reikningsnúmer _____

Símanúmer forráðamanns: _____ Netfang: _____

Vík í Mýrdal, _____

Undirskrift umsækjanda

Umsækjendur fylli eyðublaðið út og komið til skrifstofu Mýrdalshrepps



Mýrdalshreppur

Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu og heimild til vinnslu

Mýrdalshreppur, sem er ábyrgðarmaður vinnslunnar, safnar framangreindum upplýsingum í þeim tilgangi að taka á móti og meta umsókn um heimagreiðslu. Heimild til vinnslu framangreindra upplýsinga byggir á beitingu opinbers valds, sbr. 5. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög).

Viðtakendur

Mýrdalshreppur kann að deila framangreindum persónuupplýsingum til þjónustuaðila sinna, þ.e. þeirra sem sjá um hugbúnaðarkerfin sem sveitarfélagið notar. Þeir aðilar eru bundnir trúnaði. Í öðrum tilvikum getur einnig verið nauðsynlegt fyrir sveitarfélagið að miðla persónuupplýsingum til þriðja aðila svo sem þegar skylda stendur til þess samkvæmt lögum.

Varðveislutími

Mýrdalshreppur er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er því óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Mýrdalshreppur vinnur því afhentar Héraðsskjalasafni Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga að þrjátíu árum liðnum.

Réttindi umsækjenda

Umsækjendur eiga rétt á að vera upplýstir um vinnsluna, eiga rétt til aðgangs að gögnum, eiga rétt til að fá rangar upplýsingar leiðréttar, eiga rétt til takmörkunar á vinnslu, eiga rétt til að andmæla vinnslu og eiga rétt til eyðingar persónuupplýsinga. Hafa skal í huga að þessi réttindi eru ekki alltaf fortaklaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Réttur til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd

Þú átt rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef þú dregur í efa að Mýrdalshreppur meðhöndli persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Hægt er að senda inn erindi á www.personuvernd.is.

Persónuverndarfulltrúi og persónuverndaryfirlýsing

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Mýrdalshreppur meðhöndlar persónuupplýsingar þeirra geta þeir sent fyrirspurn á persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Vigdís Sigríður Jóhannsdóttir og hægt er að hafa samband við hana með því að senda á netfangið vigdis@landlogmenn.is eða með því að hringja í símanúmerið 546 4040. Nánari upplýsingar um meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndaryfirlýsingu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vik.is.